

YouTube

- að vista myndbönd á spilunarlista






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

1.a.


Að skrá sig inn á YouTube:

Snertu merkið efst til hægri á upphafsskjánum.



1.b.


Veldu „Sign In“.



1.c.

Ef þú hefur áður skráð þig inn veldu þá aðgang efst í valglugganum.

Ef þú ert að skrá þig inn í fyrsta skipti veldu þá „Add account“.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista


1.d.

YouTUBE biður um leyfi til að nota vefsíðuna google.com til að skrá þig inn. Veldu „Continue“.




1.e.

Notaðu aðgangs- og lykilorð fyrir Google-reikninginn þinn til að skrá þig inn.



1.f.

Þegar þú ert búin(n) að skrá þig inn breytist merkið eftst til hægri á upphafsskjánum.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

2.a.

Að stofna rás:


Til þess að geta unnið með spilunarlista (playlists) í YouTube-forritinu þarf að stofna svokallaða „rás“.

Snertu merkið efst til hægri á upphafsskjánum.



2.b.


Veldu „Your channel“



2.c.

Efst í glugganum geturðu breytt nafninu sem þú munt birtast undir á rásinni.

Snertu síðan „Create channel“.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

3.a.


Að breyta stillingum á rás:

Opnaðu rásina þína með því
að snerta merkið efst til
hægri á upphafsskjánum.




3.b.

Veldu „Your channel“.



3.c.

Snertu tannhjólið hægra
megin á skjánum.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

3.d.

Ef þú vilt nota rásina til að miðla efni til annarra á YouTube geturðu bætt við lýsingu efst á skjánum.

Ef þú vilt bara nota rásina fyrir þig er sniðugt að halda þeim atriðum opnum (bláum) sem birtast undir „Privacy“.

Ath. þú þarft líka að huga að sýnileika hvers spilunarlista fyrir sig þegar þú ferð að búa þá til (sjá 4.e og f, bls. 8).






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

4.a.

Að búa til spilunarlista:


Byrjaðu á að finna myndband sem þú vilt vista á spilunarlista.

Snertu stækkunarglerið sem birtist efst til hægri á flestum skjámyndum í YouTube-forritnu. (Ef þú sérð það ekki prófaðu þá að snerta örina tilbaka efst til vinstri).




4.b.

Skrifaðu leitarorð.



4.c.

Snertu punktana þrjá sem birtast hægra megin við myndbandið sem þú vilt vista.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

4.d.


Veldu „+ New playlist“.



4.e.

Gefðu spilunarlistanum nafn í efstu línu.

Veldu sýnileika með því að snerta örina hægra megin við „Public“.




4.f.

Ef þú velur „Public“ þá geta allir leitað að og séð spilunarlistann á YouTube.

Ef þú velur „Unlisted“ þá geta enginn leitað að spilunarlistanum en þú getur deilt honum með öðrum.

Ef þú velur „Private“ þá getur aðeins þú séð spilunarlistann.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

4.g.

Snertu „Create“.





Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

5.a.

Að bæta myndböndum á spilunarlista:

Þú getur bætt myndbandi á spilunarlista með því að snerta punktana þrjá hægra megin við myndbandið.

EDA




Þú getur opnað myndbandið fyrst ef þú ert ekki alveg viss um hvort þetta sé rétta myndbandið.

5.b.

Þegar myndbandið er opið snertu þá „Save“ og haltu fingrinum á skjánum smá stund.

5.c.

Veldu listann sem þú vilt vista myndbandið á eða búðu til nýjan lista.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

6.a.


Að skoða myndbönd af spilunarlista:

Opnaðu rásina þína með því
að snerta merkið efst til
hægri á upphafsskjánum og
velja síðan „Your channel“.




6.b.

Snertu „Created playlists“.



6.c.

Veldu spilunarlistann sem þú
vilt skoða.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

6.d.

Snertu play-takkann hægra megin á skjánum ef þú vilt spila allan listann í röð.

Eða veldu ákveðið myndband til að skoða.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

7.

Að breyta spilunarlista:


Opnaðu spilunarlistana þína með því að snerta „Created playlists“ á rásinni þinni.



7.1.a.


Að eyða spilunarlista:

Snertu punktana þrjá hægra megin við listann sem þú vilt eyða.



7.1.b.

Veldu „Delete“.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

7.2.a.


**Að breyta röð laga á
spilunarlista:**

Opnaðu listann sem þú vilt
breyta.




7.2.b.

Snertu línurnar tvær vinstra
megin við myndbandið sem
þú vilt færa og haltu
fingerinum á skjánum.



7.2.c.

Dragðu myndbandið upp eða
niður listann.






Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu YouTube: Að vista myndbönd á spilunarlista

7.3.a.

Að eyða myndbandi af spilunarlista:

Snertu punktana þrjú hægra
megin við myndbandið sem
þú vilt eyða.



7.3.b.

Veldu „Remove from...“

